



# Aftur í nám - Námskrá -



**Nafn námsskrár:**

Aftur í nám

**Lengd náms:**

95 kennslustundir

**Fjöldi eininga:**

Allt að 7 einingar

**Hverjum ætlað:**

Þeim sem glíma við lestrar- og skriftarörðugleika

**3. prentun 2008**



<b>Inngangur .....</b>	<b>1</b>
Forsendur náms.....	2
Hugtök í námsmarkmiðum .....	3
Lokamarkmið .....	3
Skipulag náms.....	4
<b>Námsþættir og lýsingar .....</b>	<b>5</b>
Sjálfsstyrking .....	5
Ron Davis þjálfun.....	6
Íslenska.....	7
Tölvu- og upplýsingatækni .....	8
Námsráðgjöf .....	9
Mat á námi og skólastarfi.....	10
<b>Mat til styttingar náms í framhaldsskóla.....</b>	<b>11</b>



„Aftur í nám“ var hannað af **Mími-símenntun** árið 2004 með styrk frá Starfsmennta-  
sjóði félagsmálaráðuneytisins og síðan haldið með styrkjum frá Starfsafli, Verzlunar-  
mannafélagi Reykjavíkur og fræðslusjóðum Eflingar-stéttarfélags.

„Aftur í nám“ er 95 kennslustunda nám sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt  
að meta megi til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 7 einingum. Meta má  
námið á mótí allt að 7 einingum í vali, 7 einingum á kjörsviði og/eða til almennra  
greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Markmiðið er að auka hæfni til starfs og náms og stuðla að jákvæðu viðhorfi til áfram-  
haldandi náms. Tilgangur þess er að styrkja sjálfstraust námsmanna, þjálfa þá í lestri  
og skrift með aðferðum Ron Davis og búa þá undir frekari þjálfun eftir að námskeiðinu  
lýkur. „Aftur í nám“ er ætlað þeim sem eru komnir af unglingsaldri og glíma við  
lestrar- og skriftarörðugleika.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem vilja bjóða nám af  
þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins til  
starfs, áframhaldandi náms eða annars sem nám af þessu tagi kann að hafa þýðingu fyrir.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka  
skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota náms-  
skrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA þróar og viðurkennir,  
einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum, sem  
þróaðar verða og viðurkenndar af FA.



Í „Aftur í nám“ er megináherslan á lestrar- og námsfærni námsmannanna. Nám byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsárangur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Til að stýra námi af þessu tagi þarf leiðtoga sem líta á sig sem leiðbeinendur og leiðsögu-menn. Námsefni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum námsmanna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Engar kröfur eru gerðar til lágmarks skólagöngu áður en nám hefst og námsmenn gangast ekki undir formleg próf.

Leiðbeinandi þarf að hafa færni til að skilgreina þarfir, tilgang og markmið starfs síns með námsmönnum og skilgreina þá með tilliti til forþekkingar, markmiða og leiða. Hann þarf að geta raðað niður námsefni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni - reynslu hans og þekkingu - fulla virðingu. Ennfremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t. d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Ennfremur þarf framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið, nota símataðferðir og gefa skýrslu um niðurstöður.

Framkvæmdaraðila ber að framfylgja gæðakerfi og kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.



## Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum eru eftirfarandi hugtök notuð:

- *kynnast* í merkingunni komast í kynni við, vita af einhverju.
- *þekkja* í merkingunni bera kennsl á, átta sig á, hafa vitneskju um.
- *auka færni sína* í merkingunni að námsmaður hafi tekið framförum í viðkomandi námsgrein frá því að hann hóf nám.
- *vera fær um* í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögðin við eitthvað, gera sér grein fyrir einhverju, vita hvernig eitthvað er.



## Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður:

- þekki eðli lesblindu samkvæmt aðferðafræði Ron Davis.
- auki færni sína í lestri.
- sé fær um að halda sér í lespjálfun.
- sé fær um að meta stöðu sína.
- þekki ábyrgð sína á námi sínu.
- bæti sjálfstraust sitt til náms.
- hafi mætt a. m. k. 80% skv. stundaskrá.

Ekki eru lögð fyrir formleg próf en mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og að framfarir hjá námsmönnum séu tryggðar. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataaðferðir.



Námskeiðið er 95 kennslustundir. Af þeim eru allt að 40 einstaklingstímar. Hver kennslustund er 40 mínútur. Í lok námskeiðs er boðið upp á einkatíma með námsráðgjafa. Námsráðgjafi aðstoðar nemendur við að draga saman aðaláherslur tímabilsins og hvað má sjá fyrir sér í framtíðinni. Sem dæmi um skipulag og framkvæmd má nefna að „Aftur í nám“ hefur verið kennt tvisvar í viku, fjórar kennslustundir í senn.

Heimilt er að breyta vægi einstakra þátta námsins, fella niður námsþætti og bæta við aðra eða bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið námskeiðsins né tilgang þess.

Þessi námsskrá byggist á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþáttur	Kst
Sjálfsstyrking	16
Ron Davis þjálfun	40
Íslenska	20
Tölvu- og upplýsingatækni	16
Námsráðgjöf	1
Mat á námi og skólastarfi	2
<b>Samtals</b>	<b>95</b>



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber að hafa í huga að allt starf skólans á að miða að því að greiða fyrir námi. Ennfremur að námsmenn skólans hafa misjafna lífsreynslu, læra með mismunandi hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Vægi og innihald námsþátta verður því að laga að nokkru leyti að þörfum þeirra.

Æskilegt er að kanna forþekkingu námsmanna í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur verða að laga aðferðir sínar að þörfum fullorðins fólks sem er að reyna sig í námi, jafnvel eftir langt hlé.



## Sjálfsstyrking

16 kennslustundir

### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- séu færir um að tjá sig um lestrar- og skriftarörðuleika og áhrif þeirra á sjálfstraust.
- þekki samhengi milli sjálfstrausts og framkomu og áhrif þeirra í samskiptum við aðra.
- þekki helstu þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust.
- þekki hvernig einstaklingur hefur áhrif á það hvort sjálfstraust hans er mikið eða lítið.
- þekki hvernig þeir geta öðlast færni í að byggja upp sjálfstraust sitt.
- þekki grundvallaratriði góðra mannlegra samskipta og mikilvægi þeirra fyrir vellíðan einstaklingsins og árangur í starfi.

### Námslýsing:

---

Mikla áherslu ber að leggja á samstöðu og traust manna í milli vegna sérstakrar reynslu fólks með lestrar- og skriftarörðugleika. Ennfremur er áhersla lögð á ólík samskiptamynstur og mismunandi framkomu fólks. Ákveðni, óákveðni og ágengni í samskiptum. Áhrif mismunandi sjálfstrausts á framkomu fólks. Atriði sem helst geta ógnað sjálfstrausti og hvernig bregðast megi við. Leiðir til að stuðla að betra sjálfstrausti og öruggari framkomu, þannig að fólk nái betri árangri í samskiptum, sé ánægðara og líði betur. Ýmis atriði í samskiptatækni s.s. að hlusta, að gagnrýna, að taka við gagnrýni, að leysa ágreining. Helstu atriði varðandi samskipti á vinnustað og vinnustaðamenningu, einelti og helstu leiðir til að koma í veg fyrir það.

### Námsaðferð:

---

Kynning leiðbeinanda, umræður, sjálfsmat og ýmsar verklegar æfingar í hópum.

### Námsefni:

---

T. d. Sjálfsstyrking frá Mími-símenntun.





### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki jákvæðar og neikvæðar hliðar lesblindu.
- séu færir um að halda áfram nauðsynlegri þjálfun til að yfirstíga neikvæða þætti lesblindu.
- auki færni sína í lestri og lesskilningi.
- velji sér stuðnings- og hvatamann úr hópi sinna nánustu sem lið í því að halda áfram nauðsynlegri þjálfun.

### Námslýsing:

---

Byggt er á aðferðafræði Ron Davis sem miðar að því að námsmenn tileinki sér tækni til að halda athygli og úthaldi við lestur og skrift auk þess að bæta lesskilning. Lögð er áhersla á ábyrgð einstaklingsins á námi sínu. Hann hvattur til að þjálfa sig áfram að námskeiðinu loknu. Heimilt er að meta raunfærni námsmanna og fækka fjölda einkatíma hjá þeim sem standa vel að vígi. Einkatímar þar sem námsmaður gerir stafrófið, orð og hugtök í leir. Slökun, athygli og úthald eru þjálfuð með sérstakri tækni. Stuðnings- og hvatamaður námsmanns, til áframhaldandi náms, er þjálfaður.

### Námsaðferð:

---

Námsmaður æfir undir leiðsögn sérþjálfaðs Ron Davis leiðbeinanda.

### Námsefni:

---

Námsefni frá Ron Davis leiðbeinendum.



## Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- auki færni í lestri, skrift og úrvinnslu texta.
- auki færni í stafsetningu.

## Námslýsing:

---

Kennsla í íslensku er miðuð við að vinna bug á ótta við lestur og skrift jafnframt því að efla öryggi og sjálfstraust til að takast á við málfræði- og stafsetningarreglur sem og að vinna með texta úr daglegu umhverfi. Námsmenn vinna saman í hópum, gera útdrátt, lesa upp, skrifa eftir upplestri og leira. Leiðbeinendur í íslensku og tölvum hafa með sér samráð um viðfangsefni.

## Námsaðferð:

---

Námsmenn vinna með leiðsögn leiðbeinanda.

## Námsefni:

---

T. d. efni frá Mími-símenntun.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- auki færni sína í grunnatriðum Word, Netsins og tölvupósts.
- þekki hvernig tölvur eru notaðar til upplýsingamiðlunar.
- kynnist textaskrifum í tölvu.
- séu færir um að nota leiðréttingarforrit í Word og póstforriti.

### Námslýsing:

---

Megináherslan er lögð á helstu aðgerðir í ritvinnslu og réttritun auk þess sem námsmenn kynnast grundvallaratriðum leitar á Netinu og samskipta með tölvupósti. Skrifaður texti með leiðréttingarforritinu Púka, sem gerir viðvart um stafsetningar- og beygingarvillur. Ennfremur er unnið með skrifaðan texta sem er lesinn yfir og leiðréttur með Púka. Jafnframt skoða námsmenn mismunandi stafagerð og liti þar sem sá þáttur getur haft mikil áhrif á vellíðan við lestur og skrift.

### Námsaðferð:

---

Námsmenn vinna verkefni með leiðsögn leiðbeinanda.

### Námsefni:

---

T. d. efni frá Mími-símenntun.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki hvernig hægt er að draga saman áhersluefni námskeiðsins og leggja á ráðin um framtíðina.
- þekki hvernig þeir geta kannað möguleika á frekara námi.
- þekki hvernig þeir geta skapað/valið aðstæður sem henta í námi og starfi.

### Námslýsing:

---

Ráðgjafi og námsmaður fara yfir helstu áhersluatriði námskeiðsins og námsmaður leggur mat á námskeiðið og í framhaldi af því væntingar og möguleika til náms. Ráðgjafi bendir námsmanni á leiðir til að kanna möguleika á námi og að velja sér aðstæður sem henta til náms.

### Námsaðferð:

---

Einkatími með náms- og starfsráðgjafa.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í skólanum.
- leggi mat á skólastarfið og markmið þess.

### Námslýsing:

---

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist í náminu. Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju það hefur skilað hverjum einstökum og hópnum í heild. Leiðbeinandi metur árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, metur námsferlið og notar símataðferðir t.d. gátlista til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum skólans á ásættanlegan hátt, svo og markmiðum námsþátta skólans. Námsmenn leggja mat á skólastarfið, markmið skólans, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

### Námsaðferð:

---

Hópstarf og umræður sem byggja á sjálfsmati og hópmati.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta „Aftur í nám“ til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 7 einingum. Meta má námskeiðið á móti allt að 7 einingum í vali, 7 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti í „Aftur í nám“ má til dæmis meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA 1999:

ÍSL 102 Læsi, ritun og tjáning

LKN 103 Lífsleikni

SÁL 103 Almenn sálfræði

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda í „Aftur í nám“
2. Starfsferilsskrá
3. Viðtöl við einstakling þar með talið sjálfsmat
4. Stöðupróf

**Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.**

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.** var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

**Hlutverk hennar** er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins** vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

**Starfsemin** beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

**Markmiðið** er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



**[www.frae.is](http://www.frae.is), sími 599 1400**